

Tillaga til stjórnar SSH

Erinsbréf framtíðarhóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hlutverk: Framtíðarhópi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að efna til sameiginlegrar stefnumótunar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur verði mótuð framtíðarsýn um sameiginleg viðfangsefni og samvinnu sveitarfélaganna. Jafnframt verði farið yfir núverandi starfsemi byggðasamlaga og önnur sameiginleg verkefni og gerðar tillögur um stefnu eigenda varðandi þau. Sú stefnumörkun sem þegar hefur farið fram á vettvangi SSH verði höfð til hliðsjónar.

Verkþættir:

- Framtíðarsýn og góðar fyrirmyndir að samstarfi á borgarsvæðum.
- Láta gera úttekt á rekstri, stjórnun og valkostum við stjórn verkefna byggðasamlaga sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sbr. meðfylgjandi úttektar-tillögu.
- Láta gera úttekt á stöðu, reynslu og framkvæmd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og gerð tillagna um hvernig best verði haldið á endurskoðun og ut anumhaldi með svæðisskipulaginu.
- Setja fram sameiginlega sýn og verkefni á sviði atvinnumála.
- Kalla eftir hugmyndum um samvinnu á öðrum sviðum í stefnumótun eða rekstri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, s.s. útboðum, innkaupum, upplýsingatækni og miðlægri umsýslu, umhverfis-, húsnaðis, velferðar- og skólamálum.

Tillögugerð:

- Gera tillögur um bestu leiðir í samvinnu og fyrirkomulagi sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. kortleggja mismunandi leiðir við samvinnu og stjórn borgarsvæða.
- Mótun tillagna um fyrirkomulag rekstrar núverandi byggðasamlaga, verk- og ábyrgðarskiptingu milli stjórna fyrirtækjanna, helstu stjórnenda, stjórnar SSH, sveitarstjórna og viðkomandi fagnefnda/ráða.
- Mótun tillagna á breytingum á samþykktum SSH, stofnsamþykktum byggðasamlaga og samþykktum sveitarstjórna, og eftir atvikum lögum og reglugerðum eftir því sem ofangreint krefur.

Samráð:

- Íbúar höfuðborgarsvæðisins.
- Borgarstjórn og bæjarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu.
- Stjórn SSH.
- Stjórnir byggðasamlaga og stjórnendur.
- Viðkomandi fagráð og nefndir sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins.
- Embættismenn og starfsfólk sveitarfélaga.
- Ráðuneyti sveitarstjórna og Samband sveitarfélaga, eftir atvikum.

Skipan, sbr. samþykkt stjórnar SSH:

Dagur B. Eggertsson, formaður
Guðmundur Rúnar Árnason
Guðrún Pálsdóttir
Haraldur Sverrisson.
Gunnar Einarsson

Framkvæmdastjóri SSH ber ábyrgð á undirbúningi og úrvinnslu funda. Með hópnum starfar m.a. ytri ráðgjafi SSH og greiningar- og úttektarteymi undir forystu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.

Stjórn SSH, 13. desember 2010.